

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 - REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2012

1204019HA MKH/
Málalykill: 613

Alþingi
Erindi nr. P 140/1978
komudagur 26.4.2012

Efni: Frumvarp um stjórn fiskveiða, 657. mál

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldinn var mánudaginn 23. apríl sl., var frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þskj. 1052 – 657. mál, tekið til umfjöllunar.

Eftirfarandi bókun var gerð samhljóða á fundinum:

Stjórn Hafnasambands Íslands gerir alvarlegar athugasemdir við þau áform, að auka útgjöld hafnanna í landinu og auka skyldur starfsmanna hafanna við vigtun sjávaraflla, sem gert er ráð fyrir í 45. gr. frumvarps til laga um stjórn fiskveiða, þskj. 1052 - 657. mál, án þess að kveðið sé á um hvernig því verður mætt tekjulega séð. Stjórnin telur það algjörlega ástæðulaust og óásættanlegt að auka þær kröfur sem nú þegar eru gerðar og að gera starfsmenn hafnanna í raun að eftirlitsmönnum ríkisstofnunarinnar Fiskistofu, eins og frumvarpið felur í sér.

Stjórn HÍ ítrekar jafnframt fyrri ályktanir hafnasambandsins um gerð þjónustusamnings milli ríkisins og hafnanna þar sem gert verði ráð fyrir endurgjaldi af búnaði í eigu hafnanna og fyrir þá þjónustu sem starfsmenn hafnanna veita við vigtun sjávaraflla.

Framangreindri bókun er hér með komið á framfæri við háttvirta atvinnuveganefnd Alþingis.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason
formaður stjórnar HÍ